

Tilvísun í mál: HI13100124

Bréf

Nefndasvið Alþingis
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2013
HI13100124/0.3

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangsheimildir). 24. mál.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangsheimildir). 24. mál.

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands þakkar fyrir að fá tækifæri til að gera athugasemdi við þetta mikilvæga málefni.

Eftirfarandi umsögn barst sviðsforseta Heilbrigðisvísindasviðs frá Hjúkrunarfræðideild:

Áhersluatriði:

- *Standa vörð um réttindi sjúklinga og sjúklingsmiðaða þjónustu*
- *Standa vörð um rétt hjúkrunarfræðinga varðandi leyfisnúmer hjúkrunarfræðinga í stað nafna. og virða þannig friðhelgi einkalífs hjúkrunarfræðinga.*

Þetta verður alltaf mikilvægara og mikilvægara þegar rafræna skráningin gengur lengra. Á næsta ári fá sjúklingar aðgang að eigin sjúkraskrá og þá aðgang að því hverjir hafa skráð og lesið sjúkraskrána. Það gæti reynst mörgum hjúkrunarfræðingum erfitt, þ.e. ef þeir skrá sig undir nafni.

Fyrir hönd Heilbrigðisvísindasviðs,
Inga Þórsdóttir, prófessor og sviðsforseti 5.nóv., 2013